



Stjórnarfundur 3 fimmtudaginn 7. október 2010 kl. 16.30 í fundarsal A í Íþróttamiðstöðinni.

Mætt; Jason Ívarsson, Kristján Geir Guðmundsson, Valdimar Hafsteinsson.

Boðuð forföll: Stefán Jóhannesson, Aðalheiður Sigursveinsdóttir, Svala Vignisdóttir, Hreggviður Norðdahl og Óskar Hauksson.

Dagskrá

- Deildar - og bikarkeppni.
- NEVZA mót HK
- Landsliðin u17, strandblak og A liðin.
- Fundir hjá NEVZA og SCD
- Önnur mál

Fundargerð

Deildar- og bikarkeppni.

- Ekki hefur enn verið staðfest hvort nöfn verði á keppnunum en deildin hófst í gær. Líklegt er þó að sömu aðilar komi til með að styrkja keppnirnar.
- Bikarkeppnin verður eins og undanfarin ár með undankeppnum. Fyrri undankeppnin verður í Neskaupstað helgina 19.-20. nóvember og sú síðari verður í Ásgarði 11.-12. febrúar. Undanúrslit og Úrslit verða helgina 18.-20. mars og verða úrslitaleikirnir sýndir í beinni útsendingu á RÚV á sömu skilmálum og síðast.
- Sævari gert að senda út tilkynningu vegna bikarkeppninnar og óska eftir skráningum. Dregið verðu í bikarinn í byrjun nóvember.
- Gerð var stutt könnun meðal liða í efstu deild er varðar tæknileikhlé. Sú könnun leiddi til þess að halda þeim inni. Þó verða ekki tæknihlé í bikarkeppni en notast verður við línuverði.
- 3. deild kvenna er orðin 14 lið. Því hefur verið ákveðið að stokka þessu upp og mynda 4. deild kvenna í vetur. Sjö bestu liðin úr fyrri umferðinni sem haldin verður á Ísafirði halda sér í 3. deild og önnur lið fara í fjórðu deild. Þá gefst fleiri liðum tækifæri á að taka þátt í 4. deild eftir áramót og stefnt að því að 3. deild kvenna verði spiluð í deildarfyrirkomulagi að ári.

NEVZA mót HK

- HK er mótshaldari fyrir NEVZA mót félagsliða eftir 1 mánuð. Þetta kom í ljós fyrir stuttu og er undirbúningur kominn á fullt fyrir mótið. BLÍ skipar technical Supervisor á keppnina auk dómara.

Landsliðsmál

- U17 heldur til keppni 18. október og kemur heim 22. október. Fararstjóri í ferðinni verður Valtýr Freyr Helgason og Sævar Már Guðmundsson verður honum til halds og trausts sem og hann mun dæma leiki í mótinu. Mótið er haldið í lkast í Danmörku.
- Strandblak: Landsliðin fara út 13. október og koma heim 19. október. Undirbúningur er á fullu ennpá og er allt að verða klárt fyrir ferðina. Mundína Kristinsdóttir verður fararstjóri í ferðinni auk þess sem Karl Sigurðsson verður með.
- A liðin: Það liggur fyrir að huga þarf að ráðningu þjálfara fyrir næstu verkefni sem eru í vor. Landsliðsnefnd skipuð í málið. Næstu verkefni landsliðanna eru úrslit EM smáþjóða hjá körlunum í Andorra 6.-8. maí og Smáþjóðaleikarnir í Liechtenstein 29. maí – 4. júní 2011.

Fundir hjá NEVZA og SCD

- Jason Ívarsson sækir fundi samhliða CEV þinginu um miðjan október. Gera athugasemdir með að spila í miðri viku líkt og U17 gerir nú í lkast í Danmörku. Einnig var aðbúnaður íslensku liðanna í Falköping ekki mjög glæsilegur og allt í lagi að gera athugasemd við það.
- Við höfum einnig áhuga á að vera með U17 keppni árið 2012.

Önnur mál

- Sjálfboðaliði frá vinnumálastofnun til vinnu hjá BLÍ hefur eitthvað tafist en er í ferli.
- Formenn sérsambanda og forystu ÍSÍ heimsækja Menntamálaráðherra þann 14. október. Stefán fer á undirbúningsfund vegna þessa og á fundinn sjálfan þar sem Jason verður í Slóveníu.

Næsti fundur áætlaður í lok nóvember/byrjun desember

Fundi slitið kl. 18.00

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð